


MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

27.08.2010

**BE
THERE**





KJARTAN KR-INGUR HENTI BLYSINU AF VELLINUM



LAGANNA VERÐIR BÁRU ANDRA AF VELLI

Fékk kippu af bjór að launnum

Andri Bergmann hljóp á nærbuxum einum klæða inn á Laugardalsvöll í bikarúrslitaleik **FH** og **KR**

„Þetta var bara flipp sko. Félagarnir lofuðu mér kippu af bjór fyrir og ég meina, af hverju ekki?“ segir Andri Bergmann. Hann vann sér það til frægðar um síðustu helgi að hlaupa inn á Laugardalsvöll í nærbuxum einum klæða, með logandi blysi í hönd, á meðan bikarúrslitaleikur FH og KR stóð yfir. „Ég man ekkert alltof vel eftir þessu, en þetta var bara adrenalínrugl,“ segir Andri, spurður út í þá tilfinningu að hlaupa um á nærbuxum fyrir framan meira en fimm þúsund manns og tugþúsundir sjónvarpsáhorfenda.

Hann neitar því að einhver sérstök meaning hafi verið á bak við athæfið. „Þetta var bara virkilega leiðinlegur leikur og ég vildi aðeins hrista upp í þessu,“ segir Andri sem er stuðningsmaður KR, en hans menn töpuðu leiknum 4-0.

Beint í útskriftarveislu eftir fangavistina

Andri sprangaði óáreittur um völinn í dagóða stund, en gæslumenn reyndust of svifaseinir til að ná honum. Það voru að lokum nokkrir leikmenn vallarins sem stukku á hann og héldu honum niðri, þar til lögreglumenn komu aðvifandi og báru hann út af. „Mér fannst nú frekar lélegt að vera tæklaður niður af leikmönnum. Eiga þeir ekki bara að spila leikinn og gæslan að sjá um svona mál?“ segir Andri, en ber lögreglunni þó söguna vel.

„Löggan var mjög almennileg. Þeir fóru með mig inn í einhvern skylmingasal þarna og handjárnðuðu mig. Ég sat þarna bara mjög rólegur og við spjölluðum saman,“ segir Andri. Hann var síðan

fluttur í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu. „Ég var í svona hálfúma inni í einangrunarklefa eins og einhver glæpamaður,“ segir hann, en lét það þó ekki eyðileggja fyrir sér daginn. „Félagar mínir biðu eftir mér á löggustöðinni og þegar mér var sleppt lausum fór ég í útskriftarveislu hjá vini mínum og hélt áfram gleðinni,“ segir Andri.

Fastur liður eins og hlaupár

Andri er 22 ára og starfar um þessar mundir á pítsastaðnum Wilsons. „Maður er að reyna að ákveða hvað maður ætlar að gera í lífinu. Stefnan er að fara í eitthvað nám seinna, en ég er ekki alveg búinn að ákveða í hvað,“ segir Andri. Hann gæti átt yfir höfði sér fjársekt vegna athæfisins, en hann hefur ekkert fengið uppgefið um það. „Ég veit ekki alveg hvað þeir geta gert. Er einhver ástæða til að hafa áhyggjur af því?“ segir Andri.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann tekur upp á því að hlaupa inn á knattspyrnuleik. Árið 2006 hljóp hann inn á Laugardalsvöll í miðjum bikarleik milli KR og Próttar. Þá náðist hann hins vegar ekki, en verið var að byggja nýju stúkuna á vellinum og var hann því opinn á öðrum endanum. „Ég geri þetta á fjögurra ára fresti. Þetta er fastur liður eins og hlaupár,“ segir Andri léttur.

Andri Bergmann Ég er ekki frá því að strákurinn þjáist af smá djammvískubiti eftir gærðaginn... æji fuck it, það er öllum drullusama :D
Sunnudagur 15. ágúst kl. 11:50

ANDRI TÓK ÚTSPARK EFTIR AÐ LJÓSMYNDARI MONITOR HAFDI SMELT AF

Monitor mælir með

ÍBÍO The Expendables er mynd sem enginn aðdáandi hasarmynda má láta framhjá sér fara, enda eru hér saman

komnir guðfeður allra hasarmynda. Nokkrir heppnir lesendur geta líka orðið sér úti um frímiða á

Facebook-síðu Monitor í þessari viku á facebook.com/monitorbladid.



Í MAGANN Al Amir í Bæjarhrauni í Hafnarfirði býður upp á ekta palestínskan mat, til dæmis falafel, shawarma og kebab. Öll kryddin sem notuð eru munu



vera flutt inn sérstaklega frá Palestínu. Hægt er að borða á staðnum eða taka með og ýmis góð tilboð eru í gangi.

FYRIR ÚTLITIÐ Á allra vörum

glossið frá Dior er nú komið í sölu en allur ágóði af sölu þess rennur til Ljósins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra. Glossið kostar 3.500 krónur og fæst í Hagkaup, Lyf & heilsu og í öllum snyrtivöru-verslunum sem selja Dior. Nokkuð sem allar konur ættu að ná sér í og allir karlmenn ættu að færa eigin konum eða vinkonum sínum.




Vikan á...

facebook




Bubbi Morthens Öll Dýrin hér í sveitini eru Glöð þegar

sólin skín það sérst á þeim og heirst fuglarnir singja og singja Kýrnar liggja og jórtra löminn liggja með mömmu á túnum og við moldarbörð Silungurinn vakir og tekur flugur í yfirborði Kisa malar og lignir augum Lífið er dásemd.
17. ágúst kl. 15:58




Saga Sig sprengdi kínverja í dag í kína

16. ágúst kl. 13:30



Vala Grand jæja er að fara á date gáum hvort þessi gaur nær að heilla mér upp úr skónum :D

15. ágúst kl. 01:53



Dagbók borgarstjóra Engin stemning fyrir tollahlíðum LIKE á sektir

fyrir að leggja ólöglega, gjald fyrir kattahald og hundaskítssæktir. Takk fyrir þetta.

13. ágúst kl. 16:27

Feitast í blaðinu

Reddaðu sumrinu Monitor tekur saman hluti sem gera gott sumar frábært. >>4

Lára Rúnars í viðtali. Hún var í tónleikaferð úti og er að fara að gifta sig. >>8

Stíllinn lagðist yfir alla heitustu straumana í tiskunni fyrir haustið. >>12

Bíófrumsýningar helgarinnar og allt um goðsögnina Sylvester Stallone. >>14

Lokaprófið Knattspyrnukonan Embla Grétars spurð spjörum úr. >>15


Efst í huga Monitor

Öll Monitorblöðin á netinu

Vegna fjölda fyrirspurna höfum við útbúið einfalda og aðgengilega síðu á mbl.is þar sem hægt er að skoða Monitor í rafrænni útgáfu aftur í tímann. Á slóðinni mbl.is/monitorbladid má nálgast öll tölublöð Monitor frá því að blaðið kom fyrst út sem vikublað. Fyrsta vikublaðið leit dagsins ljós hinn 25. mars síðastliðinn og eru tölublöðin því orðin 19 talsins.

Um þessar mundir erum við einnig að auka frídreifingu Monitor til muna, sem gerir blaðið sýnilegra og auðveldara fyrir þig að nálgast það. Monitor verður svo að sjálfsögðu í öllum framhalds- og háskólum landsins þegar skólarnir fara af stað innan skamms.

Ef þú vilt fá Monitor á þinn vinnustað, eða vilt benda okkur á staði sem þú vilt sjá Monitor á, máttu endilega senda okkur línu á monitor@monitor.is.



MONITOR
mbl.is/monitorbladid

Sumrinu reddað

Sumarið á Íslandi var svo gott að mörgum finnst nóg komið og bíða eftir því að komast í letilega vetrarrúttínu. Hápunktur sumarsins hjá sumum var þó að þurfa að nota viftu í vinnunni vegna hita á meðan vinimir sleiktu sólina og drukku öl á Austurvelli. Þeir kvíða því nú að hafa engar góðar sögur í farteskinu í sumarlok en ekki er öll von úti. **Monitor** hefur tekið saman nokkra hluti sem duga til að breyta erfiðri vinnutörm í eftirminnilegt sumar á síðustu stundu.

Baðaðu þig í náttúruleg

Þótt þú hafir eflaust farið í nokkur böð í sumar er fátt íslenskra en að baða sig í heitri náttúruleg. Helst berrassaður eins og í Inspired by Iceland myndbandinu. Einn slíkur kostur er nær höfuðborginni en marga grunar, það er í Reykjadal en þangað er gengið frá Hveragerði.

Leiðarvísir: Beygt er inn í Hveragerði á hringtorginu. Veginum Breiðamörk er fylgt alla leið í gegnum bæinn og inn í dalinn eins langt og hægt er, framhá hesthúsaafleggjaranum. Þar er lagt við litla brú yfir Hengladala og vegslóða fylgt upp í hlíðina. Eftir um 40 mínútna göngu er komið að heitum læk sem hitnar eftir því sem ofar er farið. Ofarlega hafa verið settar litlar stiftur þar sem tilvalið er að busla.



SUMIR KJÓSA AÐ BADA SIG EINIR

Taktu túristahring

Ef þú býrð ekki svo vel að vera að fá túrista í heimsókn þá geturðu skellt þér með vinum eða maka. Gott sýnishorn af því besta sem Ísland hefur upp á að bjóða má sjá með því að taka stuttan rúnt um Reykjaneskagann.

Reykjaneskagi fyrir amatør:

Beygðu af Reykjanesbrautinni eins og þú værir að fara inn á gamla hersvæðið, en haltu áfram og þú kemur að Höfnum, litlu, vinalegu póstkortaborpi. Haltu svo áfram og ef þú ert í göngustuði geturðu lagt bílnum á bílastæði við skilti sem merkt er Hafnarberg og gengið í um hálf tíma út að Hafnarberginu sjálfu þar sem mikið sjöfuglavarp er. Þar má meðal annars sjá lunda og af og til sjást einnig hvalir á hafi úti.

Keyrðu svo áfram út að Reykjanesvita. Landslagið í fjörunni er tilkomumikið en það var til dæmis notað í myndbandinu við lagið Patience með Take That um árið. Rétt við hlíðina á Reykjanesvita er svo háhitasvæði þar sem finna má Gunnuhver, stærsta leirhver landsins.



REYKJANESSKAGINN ER HINN NÝI GOLDEN CIRCLE

Farðu á hestbak

Þjóddu vini eða kunningja sem á hesta hjálp þína við að viðra hrossin. Ekki ríða þeir sér sjálfir þessir hestar! Ef illa gengur að sannfæra viðkomandi skaltu bjóðast til að moka smá skít og málið er dautt.

Ef þú þekkir ekkert hestafólk má líka leigja hesta víða um land, til dæmis hjá Íshestum í Hafnarfirði og Laxnes hestum í Mosfellsdal.



HROSS KUNNA AÐ META TILBREYTINGU

Farðu út í einhverja eyju

Förstu til útlanda í sumar? Förstu til Eyja? Þessum spurningum langar þig ekki að svara neitandi. Með því að heimsækja einhverja af okkar ótal fallegu eyjum slærðu þessar tvær tvær flugur í einu höggi. Þú först tæknilega séð af Íslandi og först til eyja, ef þú heimsækir allavega tvær eyjur. Annars förstu bara til eyju, en það er líka ágætt.

Góðar eyjar til að heimsækja eru til dæmis Viðey, Hrísey og Flatey. Siglt er mörgum sinnum á dag út í Viðey og Hrísey og kostar miðinn 1.000 krónur. Þeir hördustu geta líka farið í dagsferð til Vestmannaeyja. Rúnturinn að Landeyjahöfn er aðeins um tveir tímar frá Reykjavík og þaðan siglir Herjólfur yfir til Eyja á hálf tíma og kostar 1.000 krónur hvora leið.



FÖRST ÞÚ TIL EYJU Í SUMAR?

Farðu í veiði

Það er ekki dónalegt að skella sér í veiði. Hvernig veiði og hvert er aukaatriði. Veiðikortið veitir aðgang að meira en 30 vötnum um allt land og í grennd við flest þéttbýlissvæði. Finna má upplýsingar um þau á veiðikortid.is en vötn í grennd við höfuðborgina eru til dæmis Kleifarvatn, Þingvallavatn, Meðalfellsvatn, Víflsstaðavatn og Úlfjótavatn.



ÞESSI ER Á KAFI Í VEIÐIMENNSKU

Útilega

Þú ert ekki Íslendingur ef þú ferð ekki í útilegu. Það eru enn örfáir dagar til stefnu ef þú vilt bjarga andlitinu. Ef þú ert borgarbarn og færð kvíðakast við að sjá Grafarholtíð í baksýnispeglinum þá eru nokkrir auðveldir kostir í boði, til dæmis tekur einungis um hálf tíma að keyra að Meðalfellsvatni og litlu lengra á Þingvelli, en á báðum stöðum eru fín tjaldsvæði. Ef þú býrð annars staðar eða þorir lengra þá má nálgast upplýsingar um ótal tjaldsvæði á vefsíðunni Tjalda.is.



ÞAÐ GETUR VERIÐ SNÚIÐ AÐ TJALDA ALEINN

Hlauptu maraþon

„Það er naumast dugnaðurinn á sumum bæjum,“ segir yfirmaður þinn og gefur þér svo kauphækkun þegar þú segist hafa hlaupið maraþon í sumar. Það er líklega of seint að æfa sig upp í að hlaupa 42 kílómetra fyrir laugardaginn en taktu þátt á sömu forsendum og vinsælasta stúlkan í Ungfrú Ísland, til að vera með. Latarbæjarhlaupið telst þó ekki með.

Reykjavíkumaraþonið fer fram í 27. skiptið nú á laugardaginn. Boðið er upp á nokkrar vegalengdir: 42,2 km maraþon, 21,1 km hálfmaraþon, 10 km hlaup, boðhlaup (42,2 km sem allt að fjórir mega skipta með sér), 3 km skemmtiskokk.

Hlaupin hefjast klukkan 20 mínútur í níu, nema skemmtiskokkið sem hefist klukkan 12. Skráning og nánari upplýsingar um verð á marathón.is.



HJARÐHEGDUN HJÁ MANNFÓLKI

Blankir dorga

Ef þú átt enga veiðistöng geturðu reddað þér með því að kaupa girni og öngul og farið niður á höfn að dorga. Ef þér finnst það kjánalegt er gott ráð að fara á höfnina í nærliggjandi bæjarfélagi, til dæmis í Reykjanesbæ ef þú ert á höfuðborgarsvæðinu.



BARN LÁTÍÐ VEIÐA Í SÓÐIÐ

Farðu í réttir

Það er fátt eins íslenskt og að fara í réttir. Þar getur þú orðið að gagni og skemmt þér á sama tíma. Þá mun vera skilyrði að gæða sér á kjötsúpu á réttardaginn en það er einnig líklegt til vinsælda að luma á góðum viskípela. Ef þú þekkir ekkert til í sveitum er tilvalið að pósta bara einni góðri línu á Facebook og viðbrögðin munu varla standa á sér.



FÁ DÝR ERU EINS HRESS OG ROLLUR

SUBAÐ UM ALLAN BÆ Á VESPU



sms smálán

Þetta er
sniðugt!



Hjá Kredia getur þú fengið smálán þegar þig vantar smá lán í stuttan tíma. Að fá smálán er ótrúlega einfalt og það er afgreitt strax inn á bankareikninginn þinn.*

Smálán á vefnum

Á vefnum kredia.is skráir þú þig og þar getur þú einnig sótt um smálán. Í fyrsta sinn sem þú notar þjónustuna getur þú tekið lán sem nemur 10.000 krónum. Lánið þarf að endurgreiða innan 15 daga. Hvert lán sem þú tekur veitir þér rétt til herra láns næst þegar þú þarft smálán.**

Smálán með síma

Þegar þú hefur skráð þig á kredia.is getur þú notað þjónustuna hvar og hvenær sem er með því að senda sms til **1919** með upphæð láns. Þú getur einnig hringt í **515 1919** og gengið frá láninu með þjónustufulltrúa í þjónustuveri.

Verðskrá		
Upphæð	Kostnaður	Samtals
10.000 kr.	2.500 kr.	12.500 kr.
20.000 kr.	4.750 kr.	24.750 kr.
30.000 kr.	7.000 kr.	37.000 kr.
40.000 kr.	9.250 kr.	49.250 kr.

*Smálán eru aðeins veitt fjárráða einstaklingum, 18 ára eða eldri, sem ekki eru á vanskilaskrá.

**Lántaki getur einungis haft eitt lán í einu, nýtt lán er ekki veitt nema fyrra lán sé endurgreitt að fullu.



1. Þú skráir þig á www.kredia.is og sækir um að gerast lántakandi (tekur aðeins örfáar mínútur).



2. Þú getur sótt um lán hvenær sem er með því að senda sms í númerið **1919**.



3. Peningarnir eru lagðir inn á bankareikninginn þinn strax.

Í bestu skólum heims

Hvar sem drepið er niður fæti í heiminum má finna **Íslendinga**. Það á líka við um flottustu skóla heims en **Monitor** ræddi við nokkra sem stunda nám í þeim.

Kennir dæmatíma og sleppur við skólagjöld

Höskuldur Pétur Halldórsson

Doktorsnemi í stærðfræði við MIT

Skólagjöld: 63.000 Bandaríkjadalar á ári / 7.506.000 krónur.

Taka við 11.9% umsækjenda.

Fæddur: 1985

Framhaldsskóli: Menntaskólinn í Reykjavík, eðlisfræðideild.

Stúdentseinkunn: 9,90

Háskólagráða: Stærðfræðipróf frá Háskóla Íslands.

Höskuldur Pétur Halldórsson hefur lokið tveimur árum í doktorsnámi við MIT. Hann segir miklar kröfur gerðar til nemenda í skólanum, töluvert meiri en hann hafi mátt venjast hér heima. Þá hvetji kennarar hann líka til að sækja ráðstefnur víða um heim og það hafi hann gert á sumrin.

Höskuldur stefndi ekki sérstaklega að námi við MIT á meðan hann var í grunnnáminu en honum voru þó flestar leiðir færar eftir það þar sem hann var með 10 í öllum kúrsunum, ef frá er talin ein nía.



**BÝST EKKI
VIÐ AÐ FLYTJA
AFTUR HEIM**

„Inntökuferlið var langt og heldur leiðinlegt. Svo fékk ég tölvupóst um að ég hefði komist inn og mér var boðið að koma að skoða skólann,“ segir Höskuldur sem er einn af 25 doktorsnemum í stærðfræði við skólann.

Hann fær skólagjöld sín niðurgreidd að fullu en kennir í staðinn dæmatíma við skólann. Nokkuð öflugt Íslendinga-samfélag er í Cambridge en sex aðrir Íslendingar stunda nám við MIT, auk þess sem Sigurður Helgason, stærðfræðiprófessor, starfar þar. Hann unni sér vel og telur ólíklegt að hann komi heim að námi loknu.

Skólagjöldin eru ansi stór biti

Við fáum reglulega heimsþekktu gesta-fyrirlesara. Bekkjarbróðir minn, sem er fyrrum formaður stúdentaráðs í Stanford, reiddaði bekknum til dæmis fyrirlestri frá Steve Jobs,“ segir Ólafur Haukur Johnson, en hann hefur lokið fyrra ári af tveimur í MBA-námi við Harvard í Bandaríkjunum.

„Inntökuferlið var þó nokkuð strangt,“ segir Ólafur, en hann þurfti að sýna fram á ýmis próf og plögg í umsókninni. „Ég skrifaði nokkuð langar ritgerðir út frá efnunum: Hvað langar þig að verða í framtíðinni, Segðu frá mistökum sem þú hefur gert og hvað þú lærðir af þeim og Segðu frá þremur helstu afrekum í lífi þínu,“ segir Ólafur.

„Þegar ég hafði komist í gegnum umsóknarferlið fór ég í viðtal þar sem spurt var spjörunum úr um bankahrunið á Íslandi og hvernig það myndi nýttast mér í náminu.“

Engir fyrirlestrar og engar skólabækur

„Dæmigerður skóladagur hjá mér hefst klukkan sjö á morgnana þegar ég hiti lærdómsteymið

Ólafur Haukur Johnson

MBA-nemi í Harvard

Skólagjöld: 48.000 Bandaríkjadalar á ári / 5.720.000 krónur.

Taka við 7.9% umsækjenda.

Fæddur: 1983

Framhaldsskóli: Verzlunarskóli Íslands, hagfræðibraut.

Stúdentseinkunn: Milli 7 og 8.

Háskólagráða: Viðskiptafræðipróf frá Háskólanum í Reykjavík.

og við förum yfir heimaverkefni kvöldsins áður,“ segir Ólafur og útskýrir að verkefni séu yfirleitt einhverskonar vandamál í fyrirtækjum sem sett eru upp og nemendur leysa. „Klukkan hálf níu mæti ég í tíma og er búinn ýmist um hádegi eða miðdegi. Hér er ekki kennt upp úr skólabókum og fyrirlestrar eru sjaldgæfir. Námið er aðallega byggt upp á umræðutímum.“ Þá er einkunnagjöf byggð á samanburði nemenda þar sem efstu 10% frá fyrstu einkunn, næstu 70% frá aðra einkunn og restin þriðju einkunn. Árlega eru um 5-10% rekin úr skólanum.

Bekkjarsystir opnaði sæðisbanka

Ólafur segir litríka flóru fólks stunda nám við skólann. Hann nefnir sem dæmi bekkjarsystur sína sem rak sinn eigin sæðisbanka og yngsta bekkjarbróðurinn sem hefur auðgast mikið af olíuleitarfyrirtæki sem hann stofnaði 19 ára. Segir hann nóg um að vera á heimavistarsvæðinu hvort sem það tengist félagslífi, íþróttum eða námi.

„Skólagjöldin eru ágætis biti eða 48.000 dollarar á ári,“ segir Ólafur. Útskrifaðir nemendur frá Harvard greiða að hluta til niður skólagjöld núverandi nemenda, óháð einkunnum. Þeir sem höfðu lægstu tekjumar fyrir námið hljóta þann styrk. Annars fá nemendur styrki ýmist fyrir hluta skólagjaldanna eða öllum. Starfsmöguleikar útskrifaðra nemenda Harvard hafa ávallt verið mjög góðir en í ár fékk þriðjungur útskriftarnema þó ekki vinnu, sem segir ýmislegt um breytingar í viðskiptaheiminum. Ólafur telur líklegt að hann muni starfa erlendis fyrst um sinn eftir námið en vill þó búa á Íslandi í framtíðinni.

Mun meiri samkeppni en heima á Íslandi

Samkeppnin milli nemenda er gríðarleg. Ég hélt að ég væri mjög samvirkusöm en álit mitt á því hefur breyst,“ segir Herdís Helga Arnaldsdóttir, hagfræðinemi í Berkeley. Hún telur námið svipað að gæðum og sambærilegt nám hérlendis en segir samkeppnina auka á metnað nemenda. „Vinir mínir heima sögðu oft að allt fyrir ofan 8 væri aukavinna en það á ekki við hér,“ segir Herdís sem er með stúdentspróf frá Verzló sem hún telur hafa verið góðan undirbúning.

Umsóknarferlið reyndist henni ekki erfitt. „Ég fór út í gegnum íþróttirnar, þannig að það var ekki eins flókið og hjá mörgum,“ segir Herdís, sem hefur stundað frjálssar íþróttir í mörg ár.

„Ég er ekki á fullum skólalstyrk þannig ég þurfti ég að breyta plönnum þegar skólagjöldin hækkðu út af genginu,“ útskýrir Herdís, en hún tók sér pásu frá náminu og er heima á Íslandi að vinna og safna pening. „Ég fer svo aftur út og held áfram með mitt nám. Ég bið bara til Guðs að krónan styrkist.“



**SAMKEPPNIN MILLI NEMENDA
ER MUN MEIRI EN Á ÍSLANDI**

Herdís Helga Arnaldsdóttir

Hagfræðinemi við Berkeley

Skólagjöld: 35.500 Bandaríkjadalar á ári / 4.230.000 krónur.

Taka við 21.6% umsækjenda

Fædd: 1988

Framhaldsskóli: Verzlunarskóli Íslands, hagfræðibraut.

Stúdentseinkunn: 9,3

Klippti Edduverðlaunamynd samhliða náminu

Kvikmyndagerðin er eilíft hark en ég tel mig vera tilbúna í það,“ segir Ísold Uggadóttir, sem stundar nám við kvikmyndagerð í Columbia-háskóla. Hún hefur þegar lokið námi í gagnvirkum fjarskiptum frá New York University og starfaði eftir það við klippingar fyrir fyrirtækið Partisan Pictures sem gerir heimildarmyndir fyrir National Geographic og History channel. „Eftir nokkur ár í litlu, lokuðu klippiherbergi vildi ég nýta aðra hæfileika mína og það blundaði í mér kvikmyndagerðarmaður sem vildi láta ljós sitt skína,“ segir Ísold, sem hóf svo námið samhliða því að klippa stuttmynd sína, Njálsgötu, sem færði henni Edduna í vor.

Grunnur að Óskari?

„Columbia leggur mikla áherslu á handritsgerð og vill fá fólk sem getur sagt góða sögu,“ segir Ísold. Hún segir umsóknarferlið hafa verið nokkuð stíft, eins og algengt sé í Bandaríkjunum. Nokkrir Óskarsverðlaunahafar sótt menntun sína, til dæmis handritshöfundur myndarinnar Precious og Kathryn Bigelow, leikstjóri Hurt Locker. Þá eru sumir kennararnir enn nokkuð þekktir. „Eric Mandela er manískur



**VILDI NÝTA AÐRA
HÆFILEIKA SÍNA**

Ísold Uggadóttir

Mastersnemi í kvikmynda-leikstjórn við Columbia

Skólagjöld: 36.000 Bandaríkjadalar / 4.290.000 kr

Taka við 10.0% umsækjenda.

Fædd: 1975


Framhaldsskóli: Menntaskólinn í Reykjavík, náttúrufræðibraut.

Stúdentseinkunn: Milli 7 og 8.

Háskólagráða: Próf í gagnvirkum fjarskiptum frá New York University.

kennari og þekktur í kvikmyndaheiminum. Kennslustundir hans vara oft til miðnætis og horfum við þá á heila kvikmynd og þælum í hverjum einasta ramma fyrir sig.“

Ný tónlist



Arcade fire
The Suburbs




Moses Hightower
Búum til börn




Klassart
Bréf frá París



Bjartmar og Bergisarnir
Skrýtin veröld



Sheryl Crow
100 Miles From Memphis



Tom Jones
Praise & Blame

TRYGGÐU ÞÉR **BESTA VERÐIÐ!**

BLANDAÐU SAMAN TÓNLIST, KVIKMYNDUM OG LEIKJUM!

A

2 fyrir 1.200 kr.

eða 799 kr. stakur

B

2 fyrir 2.300 kr.

eða 1.499 kr. stakur

C

2 fyrir 3.400 kr.

eða 1.999 kr. stakur

D

2 fyrir 4.500 kr.

eða 2.599 kr. stakur

Blandaðu eins og þú vilt úr sama verðflokki.

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN · 591-5320 · WWW.SKIFAN.IS



viðtalið

Allir komnir með leið á Amy Winehouse týpunni

Lára Rúnarsdóttir hefur átt viðburðaríkt ár. Í júní hélt hún í tónleikaferð til **Bretlands**, þar sem hún fylgdi eftir vel heppnaðri plötu sinni, **Surprise**. Í byrjun september gengur hún svo í það heilaga.

Texti: Björn Bragi Arnarsson bjornbragi@monitor.is
Myndir: Ernir Eyjólfsson ernir@mbl.is

„Ég byrjaði að fara í partí með Grafík og Helga Björns þegar ég var þriggja ára,“ segir söngkonan Lára Rúnarsdóttir. Hún hefur marga fjöruna sopið þrátt fyrir ungan aldur, en þrátt fyrir að vera aðeins 27 ára hefur hún þegar gefið út þrjár plötur. Árið 2003 gaf hún út sína fyrstu plötu, Standing Still, og árið 2006 gaf hún út plötuna Þögn. Í fyrra gaf hún síðan út plötuna Surprise sem vakti mikla athygli og innihélt nokkur lög sem nutu vinsælda.

Þótt partístand með rokkstjörnum í barnæsku kunni að hljóma eins og fyrsti kafli í ævisögu Keith Richards er fátt líkt með Láru og leðurfésinu úr Rolling Stones. Hún er hin rólegasta, býr í Hafnarfirði með verðandi eiginmanni sínum, Arnari Þór Gíslasyni trommuleikara og tveggja ára dóttur. Lára lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Kópavogi og fór þaðan í Kennaraháskólann þar sem hún kláraði tónlistarkennaranám, en áður hafði hún lokið burtfararprófi í klassískum söng. Í dag starfar hún hins vegar sem rekstrarstjóri Skífunnar. „Því miður er það betur launað en starf tónlistarkennarans,“ segir Lára.

Lára á tónlistina ekki langt að sækja en pabbi hennar er Rúnar Þórisson, gítarleikari Grafíkur og yngri systir hennar, Margrét, er einnig söngkona. Hún á einnig yngri bróður. „Við erum öll mjög músikölsk,“ segir Lára sem hefur verið viðloðandi tónlist frá því hún man eftir sér. „Ég fór fyrst í stúdíó og söng Mér finnst rigningin góð þegar það kom út árið 1984.“

Systir þín var einmitt að taka við af þér sem söngkona Lífunar, hljómsveitar sem þú söngst með um nokkurt skeið.

Já, systir mín er ótrúlega flott söngkona og passar mjög vel inn í þetta. Ég ákvað að hætta í bandinu því það var orðið svo mikið að gera hjá mér. En það er að koma út plata með Lífun í næsta mánuði og ég syng helminginn af lögunum á henni og verð á coverinu. Þannig að tæknilega er ég ekki alveg hætt.

Hvernig var að afhenda henni keflið?

Mér fannst það geðveikt. Ég mætti á fyrstu tónleikana og ætlaði næstum því að fara að væla alveg eins og aumingi, ég var svo stolt af henni.

Arnar Þór unnusti þinn er einn fremsti trommuleikari landsins og spilar í hljómsveitinni þinni. Hvernig er að vera í sambúð með öðrum tónlistarmanni?

Það er bara fint, sambúðin gengur mjög vel. Við eigum dóttur og höfum verið heppin með hvað foreldrar okkar hafa verið duglegir að hjálpa okkur. Það er svolítið erfitt að vera bæði í þessari hljómsveit. Allar þessar æfingar og gigg gera það að verkum að við þurfum oft á þösson að halda.

Hvernig gengur að vinna með makanum? Það er eitthvað sem hentar ekki öllum.

Það gengur bara ótrúlega vel hjá okkur. Hann er ótrúlega sniðugur og alltaf hreinskilinn og segir allt sem honum finnst - ef eitthvað er ekki að virka eða ef hann er ekki að fíla eitthvað. Það er allt leyft.

Hvort eruð þið Sonny og Cher eða Kurt og Courtney okkar Íslendinga?

Við erum Jay-Z og Beyoncé. Þau eru svo sexí.

Kemst dóttir ykkar nokkuð hjá því að verða tónlistarmaður þegar hún eldist?

Hún er strax orðin tónlistarmaður, hún er svo músikölsk. Hún fór líka í fyrsta tónlistartímann sinn aðeins fjögurra mánaða.

Þú ert búin að starfa lengi sem rekstrarstjóri Skífunnar.

Já, ég er búin að vinna þar í fimm ár. Ég byrjaði í þessu með skóla, varð svo verslunarstjóri og síðar rekstrarstjóri og innkaupastjóri. Maður er búinn að vinna sig aðeins upp.

Hvernig passar þetta starf með tónlistarstússinu?

Mér finnst það bara ótrúlega fint á meðan ég get það, en ég er strax farin að finna að þetta er svolítið mikið þúsluspil. Núna hefur mér til dæmis verið boðið að fara til Texas að spila í desember, þegar það er brjáluð tíð í plötubúðinni. Þar kemur strax svona áreksstur sem maður veit ekki alveg hvernig maður á að dila við. Það er ekkert alltaf hægt að skreppa til útlanda. En yfirmenn mínir hafa verið frábærir varðandi öll svona mál.

Ertu hörð bissnessgella?

Sérðu það fyrir þér (hlær)? Jú jú, ég get alveg verið mjög hörð. Ég er að læra og hef ótrúlega gott af þessu. Þetta styrkir mann svolítið, vegna þess að ég vil alltaf vera vinur allra og ef ég mætti ráða liggur við að ég myndi gefa öllum plötur. Maður þarf að læra að vera svolítið harður.

Að eiga karl, barn og vera í 9-5 vinnu er ekki beint hið hefðbundna rokklífni.

Það er bara töff. Ég held að það séu allir komnir með leið á Amy Winehouse-týpunni.

Platan þín Surprise, sem kom út í fyrra, hlaut mikið lof og lög af henni hafa verið mikið spiluð. Þú hlýtur að hafa verið ánægð með viðtökurnar.

Já, þetta var ótrúlega gaman. Ég átti svolítið erfitt

■ ■ **Ég hafði heyrt að hún væri svo ótrúlega fín, þannig að mér brá svolítið þegar ég mátti ekki koma í baksviðsherbergið.**

Á 60 SEKÚNDUM

Hver er uppáhalds meðlimur þinn í upprunalegu Beverly Hills 90210 þáttunum? Ég var geðveikislega skotin í Brandon. Mér fannst hann ógeðslega sætur.

Hver er myndasta manneskja sem þú veist um? Mér finnst Pétur Jóhann eiginlega sá myndasta sem ég veit um. Birkir gítarleikari í bandinu mínu er líka mjög myndinn.



Hver er verst ávani þinn? Að bora í nefið.

Hver er lélegasta bíómynd sem þú hefur séð? Marley and Me. Ég hef aldrei átt hund, kannski er það ástæðan fyrir því að mér finnst þessi mynd svona léleg.



Hver er uppáhalds staðurinn þinn í öllum heiminum? Ísafjörður.

Hvert er uppáhalds nammi þitt? Nóa Sírius súkkulaði.

Hver er besta íslenska sveitaballhljómsveitin sem var starfandi í kringum aldamótin? Írafár.

Hver er mesta kvenhetjan? Vigdís Finnbogadóttir. Hún er góð fyrirmynd.

Hvað finnst þér raunverulega um Justin Bieber? Justin hvað? Fyrir mér er bara einn Justin og það er Justin Timberlake.

Hver myndi vinna í þreföldum bardaga á milli þín, Lára Ómarsdóttur fréttakonu og Láru Ólafsdóttur sjáanda? Ég held að Lára Ómars myndi vinna í líkamlegum bardaga. Hún er svo fitt þjá.

með að koma Þögn-plötunni í útvarp, hún var svo þung, en Surprise er poppaðri og meiri gleði. Mér fannst alveg geðveikt þegar titillagið á Surprise fór í spilun og síðan í A-spilun og á topplistana. Ég bjóst bara aldrei við því. Ég held að allir „singlarnir“ af plötunni hafi komist á topp fimm á Rás 2 og ofarlega á Bylgjunni. Þetta var alveg frábært.

Það hefur eflaust farið um einhverja skápahomma þegar þeir heyrðu lagið Honey, You're Gay! Um hvern samdirðu það?

Ég gef það ekki upp. Þetta er samið um fyrrverandi kærastann minn og nú verða mínir fyrrverandi bara að hugsa sinn gang. En hann er allavega ekki kominn út úr skápnunum í dag.

Er hann hommi?

Ég er ekki alveg viss, kannski var hann bara ekkert skotin í mér. Kannski er það skýringin.

Það hafa flestir Íslendingar heyrt lagið þitt, In Between, í auglýsingum Vodafone sem hafa verið mikið í spilun. Hvernig er að heyra lagið sitt svona oft í auglýsingum?

Það er bara fint. Þetta gefur manni smá peninga, sem maður þarf á að halda. Ég hef enga fordóma fyrir því að fólk selji lög sín í auglýsingar. Mér hefur alltaf fundist svolítið kjánalegt þegar fólk setur sig upp á móti því. Sérstaklega núna þegar fólk er hætt að kaupa plötur.

Er þetta ekki einmitt ein mikilvægasta tekjulindin fyrir íslenskt tónlistarfólk til að geta reynt að lifa á þessu?

Jú ég held það. Það eru bara svona fimm til sex á ári sem ná að selja

eitthvað af viti. Maður finnur í þessari útrás, eins og þegar við fórum til Bretlands að spila, að þetta gengur ekkert upp nema maður eigi eitthvað fjármagn og bakland. Vikutúr til Bretlands með fimm manna band kostar alveg fátánlega mikið.

Hvernig seldist Surprise-platan?

Bara ágætlega, en það kom mér eiginlega á óvart að hún skyldi ekki seljast meira miðað við hvað lögin af henni fengu mikla útvarpsspilun.

Er það ekki raunin með flestar plötur í dag, að þær seljast ekkert í líkingu við það sem var áður?

Jú. Minn markhópur er til dæmis aðallega unglingar - ég hugsa að það séu helst stelpur frá kannski 20-30 niður í svona fimmtán - og fólk á aldrinum 15 til 35 ára er einfaldlega ekki að kaupa plötur í dag.

Hver er ástæðan fyrir því?

Niðurhal. Ég held að það sé bara svo mörgum sama á hvaða gæðum þeir hlusta á lögin. Þeim er sama þótt þetta sé á lélegum MP3-fælum eða á YouTube eða MySpace. Það eru náttúrulega allir nettengdir alltaf og hægt að hlusta frítt á tónlist mjög víða. Þróunin verður að útgáfufyrirtæki eiga mjög erfitt. Eftir

50 ár verður þetta allt gefið út á netinu. En ég held að málið sé bara að vinna með þessari þróun. Núna snýst þetta bara um markaðssetningu á netinu. Allt tengslanetið á netinu er ótrúlega sterkt og kemur manni mjög langt.

Segðu mér aðeins frá Bretlandsferðinni.

Við fórum út í byrjun júní og vorum í rúma viku. Það gekk mjög vel og þetta var virkilega gaman, en þetta er drullumikil vinna. Þetta er svolítið erfitt þegar maður býr á Íslandi því maður þarf að vera með ákveðna eftirfylgni. Við fengum svo svakalega fín viðbrögð og hittum til dæmis ritstjóra Q og Mojo og ég spjallaði við þá um hvernig maður ætti að fara að þessu. Við vorum með fint net til þess að hjálpa okkur, en við erum svo langt í burtu. Við ætlum að reyna að fara aftur út í næsta mánuði og sitja einhverja fundi og reyna að koma þessu eitthvað lengra. Stefnan er allavega að koma Surprise út í Bretlandi og líka næstu plötu.

Hvernig var að hita upp fyrir Amy Macdonald?

Þetta var bara lítill staður, Hard Rock Cafe í London, sem

tekur svona 250 manns og það var bara eitthvað bransalið í salnum. Ég hafði heyrt að það væri mjög erfitt að vera upphitunarband þarna, því fólk væri með frítt vín og mat og það væri mikið skvaldur. En það gekk alveg ótrúlega vel og við náðum upp mikilli stemningu, þrátt fyrir að við mættum ekki vera með heilt band. Ég var bara með hljómborðsleikara og Arnar spilaði á svona cajon-kassa.

Hvernig var Amy? Eruð þið bestu vinir í dag?

Ég hitti hana ekki mikið. Ég hafði heyrt að hún væri svo ótrúlega fín, þannig að mér brá svolítið þegar ég mátti ekki koma í baksviðsherbergið. Ég mátti heldur ekki vera með trommur þó að hún væri með trommur. Ég veit ekki hvort þetta var frá henni komið eða umboðsmanninum, en viðmótið var ekkert spes. Ég allavega ákvað að ef ég yrði einhvern tímann aðalatriði og einhver væri að hita upp fyrir mig, þá myndi ég ekki láta svona.

Þú hefur einhvern tímann talað um að þú hafir áhuga á leiklist og ritstörfum. Ertu búin að gera eitthvað í þeim efnum?

Nei, ekki enn. Maður er alltaf að skrifa eitthvað, en ekkert af viti. Mig langar alltaf að fara inn í leikhúsið, hvort sem það er í músík eða að taka að mér eitthvað lítið hlutverk. Ég var einmitt að vona að ég yrði konan hans Buddy Holly og fengi að fara í sleik við Ingó (hlær). Ég ætla samt ekkert að fara í leiklistarnám eða slíkt, mér finnst alveg nóg að einbeita mér að tónlistinni.

Hver er draumurinn í tónlistinni, ef allt gengur að óskum?

Í dag er það einfaldlega að geta unnið við þetta.

Myndirðu vilja flytja út?

Já, ef það væri rétti tíminn og það væri grundvöllur fyrir því. Ég er ekkert að fara að rífa fjölskylduna upp til þess að reyna að meika það. En ég er alltaf til í að búa einhvers staðar annars staðar. Mér finnst skemmtilegt að prófa það.

■ ■ Þetta er samið um fyrrverandi kærastann minn og nú verða mínir fyrrverandi bara að hugsa sinn gang. En hann er allavega ekki kominn út úr skápnunum í dag.



Skólabækurnar eru komnar



MacBook 13"

2,4GHz Intel Core 2 Duo

2GB innra minni

250GB harður diskur

Allt að 10 klst rafhlöðuending

Aðeins 2.13 kg / 2,74 cm þykk

Engir vírusar

innbyggð vefmyndavél

getur keyrt Windows

iLife '09

frí námskeið

engir vírusar

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð
Bjartari skjár
Allt að 10 klst rafhlöðuending



MacBook Pro 15"

2,4GHz Intel Core 2 Duo

4GB innra minni

320GB harður diskur

Allt að 9 klst rafhlöðuending

iLife '09 - fylgir öllum Apple tölvum

Stafrænn lífsstíll að hætti Apple sem inniheldur iPhoto, iMovie, GarageBand, iWeb og iDVD. iLife gerir Mac-notendum kleift að skapa ótrúlegustu hluti og halda utan um ljósmyndir og hreyfimyndir á einfaldan máta. Að búa til fallegar heimasíður, ljósmyndabækur og kvikmyndir er leikur einn.



Apple iPad
tölvur frá:

119.990.-

Opið til 21 alla fimmtudaga

Námskeið á fimmtudögum í vetur

Námskeiðin eru án endurgjalds

Nánar um dagsetningu og tíma:
www.epli.is/fraedsla



Frí ástandsskoðun

Fimmtudaga milli kl. 18:00 og 21:00

Við bjóðum viðskiptavini velkomna með Apple-tölvuna sína í ástandsskoðun án endurgjalds.

Í skoðuninni er farið yfir möguleika tölvunnar til að standast kröfur nútímans og er skoðað m.a. hvernig lengja megi líftíma tölvunnar og auka notagildi hennar.

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is



FLAUEL

Velúr er eitt af þessum efnum sem maður ýmist elskar eða hatar. Hefur það þótt nokkuð hallærislegt síðustu ár en kemur nú sjóðheitt inn. Fjöldi hönnuða notar nú efnið í vetrarlínunum sínum á mismunandi vegu. Minnir svoltið á George Costanza úr Seinfeld en Larry David byggði persónuna á sjálfum sér og hefur alltaf verið mjög hrifinn af flaueli.



VÍÐAR BUXUR

Mjög vinsælt á tískupöllum fyrir haustið, hólkvíðar skálmur. Klæðir alls ekki allar konur og þá síst ef við erum lágvaxnar. Ekta Katharine Hepburn stíll hjá Zac Posen og Richard Chai.

Hausttískan Nýjustu trendin

Stíllinn lagðist yfir heitustu straumana í tískunni fyrir haustið nú þegar farið er að rökkva. Eftirfarandi atriði þarft þú, lesandi góður að hafa bakvið eyrað þegar þú ferð í verslunarferð fyrir haust-skápinn.

60'S

Tískurisinn Louis Vuitton var með afgerandi línu í sixties stíl. Flúkurnar eru fagaðar og mikið lagt í smáatriði. Pilsin ná niður fyrir hné og mittið ýkt, sem minnir á tískuna í Mad Men þáttunum, hrikalega flott.



GRÆNT

Þrátt fyrir að flestar dömur eigi sér „sinn“ lit, bleikan, rauðan og algengast svartan, hafa tiskuhönnuðir sýnt að grænn er mjög fallegur litur. Hvort sem það er skógar-, hermanna-, ólívu-, lime- eða sjávarfroðu-grænn er það í tísku!



Stjörnustríð

Michelle Williams og Kim Cattrall eru ekki líklegar til að mæta í sama kjólnum en líta hér báðar hrikalega vel út. Kjóllinn finnst okkur þó hæfa Kim betur en hún er einkar glæsileg kona. Fylgihlutirnir látausir sem virkar vel.

Hér berjast Lisa Snowden og Kate Bosworth fyrir hönd Bretlands og Bandaríkjanna. Kjólarnir eru ekki nákvæmlega eins en mynstrið og pífurnar eru ólíkar. Við erum hrifnari af kjólnum hennar Kate og því sigrar stórveldið.

Olivia Palermo og Kim Kardashian eru hér báðar í kjól frá Preen. Olivia felur kjóllinn nokkuð vel með trefli og peysu á meðan Kim sýnir allt sem hún hefur. Verðlaunin hlýtur Kim, þrátt fyrir að Olivia sé í miklu upphaldi.

Rachel Bilson er alltaf svo sæt og smart en eitthvað er ekki nógu spennandi hér. Grái liturinn á toppnum klæðir Evu Longoria Parker mun betur og kemur samfestingurinn betur út án sokkabuxna.

LANGAR ÞIG Í VESPU FRÁ HEKLU?

Ert þú með Extra-brosið?

Við ætlum að gefa
Vespu LX 50!

að verðmæti 498.000 kr.

Já þú last rétt, þú getur fengið heila Vespu gefins!

Sendu okkur mynd af þér

skælbrosandi á extra@monitor.is.



Það skemmir ekki fyrir ef þú ert með Extra-tyggjó á myndinni eða jafnvel á Vespu frá Heklu.

Síðan verður kosið um besta Extra-brosið og hlýtur sigurvegarinn Vespu frá Heklu, Canon-myndavél, birgðir af Extra-tyggjó og þrjú mánaða kort í Sporthúsinu.

September

1

Miðvikudagur

Við tökum við myndum til 1. september. Þá setjum við allar myndirnar á netið og höldum Facebook-kosningu á bestu myndinni þar sem allir Facebook-notendur geta kosið. Sigurvegarinn verður krýndur 16. september.



Hvað þarftu
að gera?

Sendu okkur mynd af þér skælbrosandi á extra@monitor.is og láttu fylgja með fullt nafn, kennitölu og upplýsingar um hvar er hægt að finna þig á Facebook.



Extra áskilur sér rétt til að nota myndirnar sem sendar eru til þátttöku í hvers kyns kynningarskyni.



1. vinningur er stórglæsilegur:



- Vespa 50 LX frá Heklu.
- Canon Powershot A3000 IS myndavél.
- Birgðir af Extra-tyggjó.
- Þrjú mánaða kort í Sporthúsinu.

Dómnefnd Monitor mun einnig velja mynd sem hlýtur:

- Canon Powershot A3000 IS myndavél.
- Birgðir af Extra-tyggjó.
- Þrjú mánaða kort í Sporthúsinu.

MONITOR

Fylgist með Monitor á Facebook
facebook.com/monitorbladid



FERILLINN



Sylvester Stallone

Hæð: 177 sentimetrar.
Besta hlutverk: Rocky í Rocky-myndunum, einkum þeirri fyrstu.
Skrýtin staðreynd: Var kosinn „líklegastur til að lenda í rafmagnsstólum“ í skóla þegar hann var 15 ára.
Eitruð tilvitnun: „Ég þer miklar væntingar til framtíðarinnar, vegna þess að fortíðin var mjög ofmetin.“

1946 Fæðist 6. júlí í New York.

1970 Leikur aðalhlutverkið í ljósblárrí mynd, The Party at Kitty and Stud's, og fær 200 dollara að launum. Síðar sagðist hann aðeins hafa gert það af illri nauðsyn, hann hafði þurft að velja á milli þess að taka við hlutverkinu eða ræna einhvern til að eiga í sig og á.

1974 Kvænist sinni fyrstu eiginkonu, Söshu Czack. Þau eignast tvö börn saman.

1976 Leikur aðalhlutverkið í Rocky sem hann skrifaði sjálfur handritið að. Myndin nýtur ótrúlegra vinsælda og hlýtur þrenn Óskarsverðlaun, þar á meðal sem besta mynd.

1982 Fyrsta Rambo-myndin, First Blood, lítur dagsins ljós.

1985 Skilur við Söshu Czack og kvænist dönsku leikkonunni Brigitte Nielsen. Þau skilja tveimur árum síðar.

1997 Kvænist núverandi eiginkonu sinni, Jennifer Flavin. Þau eiga saman þrjú börn.

1997 Leikur feita og lúðalega löggú í myndinni Cop Land og reynir með því að breyta ímynd sinni og sanna að hann geti leikið annað en hasarhetjur. Sýnir góða frammistöðu og hlýtur lof gagnrýnenda.



2006 Gerir sjöttu Rocky-myndina og tekst nokkuð vel til. Tveimur árum síðar gerir hann fjórðu Rambo-myndina sem þykir líka ágæt og með eindæmum blóðug.



Frumskýningar helgarinnar



The Expendables

Leikstjóri: Sylvester Stallone.
Aðalhlutverk: Sylvester Stallone, Jason Statham, Jet Li, Dolph Lundgren, Eric Roberts, Randy Couture, Steve Austin, Giselle Itie, Terry Crews og Mickey Rourke.
Lengd: 103 mínútur.
Dómar: IMDB: 8,1 / Metacritic: 4,5 / Rotten Tomatoes: 42%.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



Sannkölluð hasarmynd á sterum. Barney Ross (Stallone) er foringi hóps málaliða sem eru sendir til eyrkis í Suður-Ameríku til að steypa einræðisherra af stóli. Verkefnið fer í vaskinn og hópurinn neyðist til að yfirgefa eyna í flýti. Þeir ákveða hins vegar að snúa aftur til að klára verkefnið og bjarga hinnu fögru Söndru úr klóm einræðisherrans.

Vampires Suck

Leikstjóri: Jason Friedberg og Aaron Seltzer.
Aðalhlutverk: Matt Lanter, Ken Jeong, Marcelle Baer og Anneliese van der Pol.
Lengd: 80 mínútur.
Dómar: Engir dómar komnir.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



Vampires Suck kemur frá sömu höfundum og gerðu Scary Movie og Epic Movie. Í myndinni er gert grín að vampírmyndum á borð við Twilight, sem notið hafa mikilla vinsælda.

Letters to Juliet

Leikstjóri: Gary Winick.
Aðalhlutverk: Amanda Seyfried, Marcia DeBonis og Gael García Bernal.
Lengd: 105 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,4 / Metacritic: 5,0 / Rotten Tomatoes: 42%.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin.



Sophie fer til Ítalíu með unnustanum og ákveður að fara í skoðunarferð að húsi Júlíu úr Rómeó og Júlíu. Þar skilur fólk eftir ástarbréf og Sophie ákveður að svara einu þeirra. Það á eftir að hafa í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Cats & Dogs: The Revenge of Kitty Galore

Leikstjóri: Brad Peyton
Leikraddir: James Marsden, Nick Nolte, Christina Applegate og Neil Patrick Harris.
Lengd: 82 mínútur.
Dómar: IMDB: 2,3 / Metacritic: 3,0 / Rotten Tomatoes: 13%.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin.



Óbeint framhald myndarinnar Cats & Dogs frá árinu 2001. Nú þurfa hundar og kettir að vinna saman í fyrsta skipti í sögunni svo heimurinn verði ekki að risastórnum kattasandkassa í eigu hinnar snarbrjáluðu Kitty Galore.

Versti leikari sögunnar?

Sylvester Stallone er sá leikari sem hefur oftast verið tilnefndur og hefur oftast hlotið Gullna hindberíð, eða Razzie-verðlaunin eins og þau eru jafnan kölluð, en þau eru þekktustu skammarverðlaun kvikmyndaíðnaðarins. Stallone á að baki 30 tilnefningar og hefur hlotið verðlaunin 10 sinnum. Þá nýtur hann þess vafasama heiðurs að hafa verið tilnefndur á hverju ári heil 13 ár í röð, frá 1985 til 1997. Hér gefur að líta þau Razzie-verðlaun sem Stallone hefur hlotið.

Ár	Verðlaun	Kvikmynd
1985	Versti leikari	Rhinestone
1986	Versti leikari	Rambo: First Blood Part II og Rocky IV
1986	Versti leikstjóri	Rocky IV
1986	Versta handrit	Rambo: First Blood Part II
1989	Versti leikari	Rambo III
1990	Versti leikari níunda áratugarins.	
1993	Versti leikari	Stop! Or My Mom Will Shoot
1995	Versta par í mynd	The Specialist (með Sharon Stone)
2000	Versti leikari 20. aldarinnar.	
2004	Versti aukaleikari	Spy Kids 3-D: Game Over



STALLONE MEÐ GLERAUGUN SEM HANN RÆNDI AF KIDDA BIGFOOT

Popp-korn

J.J. Abrams, maðurinn á bak við Lost, er nú með nýtt verkefni á teikniborðinu, kvikmynd sem ber nafnið 7 Minutes In Heaven, eftir partíleiknum fræga þar sem unglingar fara saman inn í skáp og kela í sjö mínútur. Í þessari unglingahrollvektu gerist einmitt það, nema þegar parið kemur út úr skápnum er búið að myrða alla vini þeirra í partíinu. Leikstjóri myndarinnar verður Jack Bender, sem leikstýrði einmitt Lost-þáttunum.



Natalie Portman fer með aðalhlutverkið í spennu-myndinni Black Swan sem væntanleg er í kvikmyndahús í desember. Í henni leikur Portman ballettdansara sem leggur allt í sölnur til að landa aðalhlutverki í Svanavatninu og þarf að vinna bug á keppinaut sínum, sem leikinn er af Miklu Kunis. Í stiklu fyrir myndina sjást þær Portman og Kunis deila heitum kossi og hefur það vakið töluverða athygli, eins og því hefur væntanlega verið ætlað.



Leikarinn Tom Hardy, sem lék meðal annars í myndunum Inception og RocknRolla, hefur verið valinn til að taka við af Mel Gibson sem Mad Max í myndinni Mad Max 4. Þá hefur verið rætt við leikkonuna Charlize Theron um að taka að sér annað aðalhlutverkið í myndinni en engu verið slegið föstu í þeim efnum. Velta menn nú fyrir sér hvort þetta verði hlutverkið sem geri Hardy að alvöru stórstjörnu.



Sænska hasarmyndakjötballan, Dolph Lundgren, sem leikur í myndinni The Expendables, segir marga alltaf hafa litið á sig sem „stóran, vitlausan, ljóshærðan Svía,“ sem er eflaust svekkjandi því hann er með mastersgráðu í efnaverkfræði og talar sjö tungumál. Segir hann fordómama hafa verið hvað mesta hjá Svíum sjálfum en það hafi breyst þegar hann var kynnr í sænsku forkeppninni fyrir Eurovision í vetur. Þar tók hann þátt í allskonar sprelli og söng meðal annars Presley-lagið A Little Less Conversation. „Fólk sá mig eins og ég er og áttaði sig á því að ég er ekkert svo heimskur,“ segir hann.



LOKAPRÓFIÐ

19. ágúst 2010 | **MONITOR** skólinn

Nafn: Embla Grétars

Dú veist hver ég er af því að ég date-adi Gæva litla þegar hann var upp á sítt besta



Þegar ég lyfti bikarum síðasta sunnudag hugsaði ég:

- a) Been there, done that!
- b) Þetta er alltaf jafn ógeðslega gaman.
- c) Ef ég verð fljót í sturtu þá næg ég 14. þætti af Út og suður.
- d) _____

Það besta við íslenskan kvennafótbolta er felagskapurinn

en það versta er vegðis undirbúningstími



Ef ég þyrfti að fara á interrail með einhverri úr íslenska landsliðinu myndi ég velja Hallberg Gísla

vegna þess að hún er alltaf til í avintýri



Kynþokkafyllsti knattspyrnu-maður heims er

- a) David Beckham
- b) Michael Owen
- c) Heiti Ronaldo
- d) Feiti Ronaldo
- e) Fabio Cannavaro

Ég ólst upp á Hornafirði, sem er nafni alheimsins eins og myndir mín orðar það svo vel.

Ef líf mitt væri sjónvarps-þáttur væri það

- a) Dexter
- b) 24 - alltaf spennandi
- c) Desperate Housewives
- d) Cougar Town
- e) _____



Ég gæti aldrei verið með karlmanni ef hann var með laðfeld á bakinu

Þegar ég vil slaka á

- a) Horfi ég á sænska þáttinn á RÚV um líf og störf ljósmæðra í Stokkhólmi.
- b) Fer ég í Mortal Kombát á Playstation 3.
- c) Lakka ég á mér tæneglurnar og set Celine Dion á fóninn.
- d) fer ég í bað með bubblum og lét júlíu vinna mína nudda á mér tænar

Það sem aðrir halda að sé minn helsti ókostur er tænar

en það sem þau vita ekki er að ég reyndi að gera þær huggulegar

Þegar ég er orðin gömul langar mig að

- a) Vera komin í heimsmetabók Guinness.
- b) Búa á suðrænum slóðum og þjálfa gamlar konur í fótbolta.
- c) Búa á Íslandi og eiga sumarhúsið og Range Rover.
- d) Líta eðlilegu lífi ganga menntaveginn og hlampa um eins og asni



Mér finnst Carrie Bradshaw úr Sex and the City:

- a) Vitlaus af því hún tekur Big alltaf aftur.
- b) Vera efni í fyrsta kvenforseta Bandaríkjanna.
- c) Vera með stóran haus.
- d) Í besta falli óspennandi.

Ég hef alltaf séð eftir því að hafa ekki:

- a) Lært karate.
- b) Tekið þátt í X-factor.
- c) Farið á sing-

along sýningu á

- a) Mamma Mia.
- d) Gæva litla



Ef ég þyrfti að velja mér aðra íþrótt til að gefa þá yrði það handþætti

af því ég er svo mikill djöfulsins nagli

Ég hef aldrei fengið rautt

fílófaxið

fimmtudagur

19 ágúst

ROKKAÐ GEGN FÁTÆKT

Sódoma Reykjavík
21:00 Kynningar- og styrktar-tónleikar fyrir Fjölskyldu-hjálp Íslands þar sem hljómveitirnar Skálmöld, Vicky, Dark Harvest, Nögl og Gone Postal koma saman. Húsið opnar klukkan 20 og kostar 1.500 krónur inn.

3RADDIR & BEATUR

Ráin, Keflavík
21:00 Þessi hópur hefur vakið verðskuldaða athygli á síðustu misserum en heldur brátt úr landi til að gera garðinn frægan. Er þetta því líklega í síðasta sinn í nokkra mánuði sem þau koma fram á Íslandi. Miðaverð 1.000 krónur.

20 ágúst

föstudagur

VARSJÁRBANDALAGIÐ

Kaffi Rosenberg
22:00 Hljómveitin Varshjórbandalagið heldur uppi sannkallaðri austantjaldsstemningu. Miðaverð 1.500 krónur.

MOSES OG ELLEN

Hafnarhúsið
22:30 Tónleikar á vegum Jazzhátíðar í Reykjavík þar sem Moses Hightower og söngkonan Ellen Kristjánsdóttir ásamt hljómveit koma fram. Moses Hightower hitar upp með smátónleikum í Eymundsson á Skólavörðustíg klukkan 17.

21 ágúst

laugardagur

TÓNLISTARVEISLA Í NIKITA-GARÐINUM

Garðurinn bak við Nikita
13:00 Eftirfarandi koma fram frá kl 13 til 20: Moses Hightower, Júníus Meyvant, Nóra, Andvari, Orange Volante, Forgotten Loos, Sometime, Nista, Úlpa, Retron, Orphic Oxtra og Klink.

HAÐARSTÍGUR ÓMAR

Haðarstígur, 101 Reykjavík
16:00 Íbúar Haðarstígs og nágrennis slá upp götuveislur og eru allir velkomnir frá 16 til 19. Hljóm-plötusafnarar, handversksfólk, kökur og kaffi.

FESTIVALL OG POPUP

Hjartagarðurinn
13:00 Listasýnin Festival verður opnuð klukkan 18 en kl. 15 spila Maggi Mongooze, Steve Sampling og Rvk underground. Þá verður Popup verziun á staðnum og fagnar 1 árs afmæli.

TÓNFLÓÐ 2010

Amarhóll
20:00 Stórtónleikar Rásar 2 þar sem eftirfarandi hljómveitir koma fram: Pollapönk, Dikta, Grafík og Gunnri Þórðar og Rokkestra. Ingó veðurguð svo stjórna Brekkusöng Nova á milli atriða.

ÓÐINSTORG Á MENNINGARNÓTT

Óðinstorg
14:00 Stórskemmtun Norræna félagsins frá 14 til 22 þar sem fjölmargir norrænir listamenn koma fram auk fjölda þekktara íslenskra tónlistarmanna.

SYKUR-SÝKI

Neðst á Skólavörðustíg
22:00 Hljómveitin Sykur heldur viltla og tryllta útítonleika. Leynigestir og eldgleypar. Allir velkomnir.

DRAUMHVÖRF

Port við Manú á Laugavegi
14:00 Meðlimir hljómveitarinnar Draumhvörf bjóða upp á tónleika frá 14 til 16:30 þar sem eftirfarandi hljómveitir koma fram: Nordisk Familjebok, Mikadó, Draumhvörf, Fónksveinar og Vulgate.

SKÍMÓ OG FRÍÐRIK DÓR

Njálshúð
23:00 Sveitaball ársins þar sem Skímó og Friðrik Dór halda uppi fjörunu. Leyfilegt að mæta með áfengi. Aldurstakmark 16 ár, miðaverð 2.800 krónur.

ÚTÍTONLEIKAR Á FAKTORÝ

Faktorý
14:00 Eftirfarandi tónlistarmenn koma fram á milli 14 og 20: Fox Train Safari, Big Band Svansins, Moses Hightower, Báru-járn, Pollapönk, Of Monsters and Men and Sing For Me Sandra.

KJÓLABALL HEIMILISTONA

Iðnó
23:00 Árlegt Kjólaballi Heimilistóna. Að vanda mun borðið svigna undan þeim tónlistarkræsingum sem barnar verða fram og vel valdir leynigestir stíga á stökk. Miðaverð 2.010 krónur.

KALLAKÓR KAFFIBARSINS

Kaffibarrinn
15:00 Kallakór Kaffibarsins kemur fram á heimavelli.

MIÐNÆTURTÓNLEIKAR SEABEAR

Sódoma Reykjavík
00:00 Fágætt tækifæri til að sjá Seabear á Íslandi á sérstökum miðnæturtonleikum. Munnfylli af galli hita upp. Miðaverð 1.000 krónur.

Síðast en ekki síst

» Þórdís Nadia Semichat, uppistandari, filar:

Kvikmyndin:

Uppistandsstelpur. Heimildarmynd eftir Áu Einarsdóttur um stelpur í uppistandi á Íslandi. Verður vonandi sýnd aftur í haust.



Platan: Arabology, Yasmine Hamdan. Systir mín kynnti mig fyrir þessari tónlistarkonu. Hún kemur frá Líbanon og gerir eins konar elektró-poppónlist sem líkist helst arabískri útgáfu af Madonna. Ég mæli með því að allir plötusnúðar kynni sér hana.



Sjónvarpsþátturinn:

The Mighty Boosh. Þeir eru margir grínþættirnir, en þessir standa alveg upp úr. Frumlegri grínþætti hef ég ekki séð lengi.



Vefurinn: www.mentalfloss.com. Þarna er hægt að finna alls konar nytlausar upplýsingar eins og hvaða myndband var fyrst sett inn á Youtube.

Bókin:

Outlaw Culture eftir Bell Hooks. Þessi kona hefur skrifað um 30 bækur um tengsl kynþátta, stétta og fémínisma við hið vestræna samfélag. Outlaw Culture segir meðal annars frá því hvernig klám fyrir hvíta manninn endurspeglar í poppmeningunni. Mæli með því að þeir sem hafi áhuga á fémínisma lesi þessa bók.



Staðurinn:

Næsti bar. Rólegur og þægilegur bar með glás af kokteilum og góðum tilboðum. Finn staður til að drekka og spjalla. Ekki sakar það heldur að ég sé að vinna þar.



Ertu að fara að búa?
Ekki byrja á því að skuldsetja þig

Öryggi til framtíðar,
frelsi þegar þér hentar

B BUSETI™

Buseti hef. • Skólavörð 19 • 108 Reykjavík • Sími 520-5788 • Fax 533-5749 • www.buseti.is



Prentaðu út ritgerðir fyrir skólann.

Prentaðu út ljósmyndir fyrir heimilið.

PIXMA prentarar eru frábærir til að prenta út ljósmyndir í hámarks gæðum. PIXMA henta einnig vel fyrir skólann og skrifstofuna til að prenta út ritgerðir, skýrslur o.s.frv.

Með PIXMA getur þú líka ljósritað og skannað, jafnvel sent fax, og verið með hann þráðlausan (Wi-Fi) þannig að fleiri en þú, hvort sem er á heimilinu eða skrifstofunni, geta haft að aðgang að þínum PIXMA fjölnota prentara.

Nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is
Vertu aðdáandi Canon á Íslandi á Facebook



PIXMA iP2700

- Hágæða ljósmyndaprentun og framúrskarandi skjalaprentun.
- Canon FINE tæknin með 2 píkólítra smádropum.
- Allt að 4800x1200dpi prentupplausn.
- Sníðugir eiginleikar og hugbúnaður.
- Fallegar myndir sem endast lengi.
- Flott hönnun - Tekur lítið pláss.

Tilboðsverð aðeins 8.900 kr.



PIXMA iP3600

- Framúrskarandi hágæða útprintarinn.
- Sérstakt svart blek fyrir myndir.
- Canon FINE tæknin með 1 píkólítra smádropum.
- 9600x2400dpi prentupplausn.
- Single Ink fimm lita blekhylkjakerfi eykur gæði og lágmarkar blekeyðslu.
- Myndir endast í allt að 300 ár með Canon bleki & pappír.
- Tveir pappírshöfnar, PictBridge tengi.
- Notendavænn hugbúnaður fylgir með.

Tilboðsverð aðeins 13.900 kr.



PIXMA MP550

- Prentaðu, ljósritaðu & skannaðu.
- Canon FINE tæknin með 1 píkólítra smádropum.
- 9600x2400dpi prentupplausn.
- Single Ink fimm lita blekhylkjakerfi eykur gæði og lágmarkar blekeyðslu.
- Skoðaðu myndir á skörpum 5.0 cm lita TFT skjá.
- Notendavænn hugbúnaður fylgir með.
- Skannaðu með 2400dpi skanna.

Tilboðsverð aðeins 19.900 kr.



PIXMA MP560

- Prentaðu, ljósritaðu & skannaðu.
- Vertu þráðlaus - Wi-Fi.
- Canon FINE tæknin með 1 píkólítra smádropum.
- 9600x2400dpi prentupplausn.
- Single Ink fimm lita blekhylkjakerfi eykur gæði og lágmarkar blekeyðslu.
- Skoðaðu myndir á skörpum 5.0 cm lita TFT skjá.
- Notendavænn hugbúnaður fylgir með.
- Skannaðu með 2400dpi skanna.

Tilboðsverð aðeins 29.900 kr.



PIXMA MX340

- Fjögur tæki í einu & Wi-Fi. Tilvalinn á skrifstofuna.
- Hraðvirkt fax - 33.6kbps Super G3.
- Hægt að vista föx á USB lykil.
- 30 blaða frumritamatari (ADF).
- Canon FINE tæknin með 2 píkólítra smádropum.
- Allt að 4800x1200dpi prentupplausn.
- Notendavænn hugbúnaður fylgir með.

Tilboðsverð aðeins 19.900 kr.

Canon

you can

Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt

Reykjavík Sense Center, Krínglunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - Tölvutek, Borgartúni 31 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholtssvegi 84 - Myndval, Mjódd / Akureyri Pedromyndir - A4 - Tölvutek / Húsavík Bókaverslun Þórarins / Ísafjörður Bókahornið - Penninn / Sauðárkrúkur Tengill - Kaupfélag Skagfirðinga / Blönduós Kjalfell / Hvammstangi Ráðbarður / Grundarfjörður Hránnarbúðin / Stykkishólmur Skjapavik / Borgarnes Omnis / Akranes Omnis / Reykjanesbær Omnis / Selfoss TRS / Höfn í Hornafirði Martólvan / Neskaupstaður Tónspil / Egilsstaðir Myndsmiðjan / Vestmannaeyjar Geisli - Tölvun / Netverslun Nýherja, www.netverslun.is